

## 105/00 - M.s. Baldur

Baldur Breiðafjarðarferja, farþegi slasast í landgang á leið frá borði

### M.s. Baldur

**Skipaskr.nr.:** 2044

**Smíðaður:** á Akranesi 1990 úr stáli

**Stærð:** 301,65 brl; 645,00 bt

**Lengd:** 39,40 m **Breidd:** 9,20 m **Dýpt:** 6,60 m

**Vél:** Caterpillar 1.038,00 kW **Árgerð:** 1990

**Annað:**

**Földi skipverja:** 8



Baldur ©Jón Sigurðsson

### Atvikalýsing

Hinn 23. október 2000 var m.s. Baldur að koma til Stykkishólms úr ferð yfir Breiðafjörð. Veður: norðan 6-8 vindstig, snjócoma, 0,1°C.

Farþegar voru að ganga í land eftir landgangi þegar einn farþeginn hrasaði í og rak fót illa í svo að hann brotnaði. Var farþeginn aðstoðaður í bíl og fluttur á sjúkrahús.

### Við rannsókn kom fram

- að slasaði sagði að ísing hafi verið á landgangnum er orsakaði að hún féll;
- að sögn vitna var landgangur blautur;
- að sögn skipstjórans er landgangurinn úr rifluðu áli og málaður með sérstakri málningu sem á að vera stöm.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.